

Sp. 24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um viðræðunefnd við Alusuisse.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Friðrik Sophusson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Halldór Blöndal, Jósef H. Þorgeirsson, Egill Jónsson, Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu 7 manna nefnd til viðræðna við Alusuisse, þar sem m. a. verði fjallað um eftirfarandi atriði:

— Að leiða til lykta skoðanaágreining Alusuisse og íslenska ríkisins vegna samninga aðilanna um álbræðsluna í Straumsvík.

— Að vinna að endurskoðun á samningi um raforkusölu til ÍSALs í samráði við Landsvirkjun í því skyni að fá verulega hækkun á raforkuverði.

— Að vinna að endurskoðun á gildandi samningsákvæðum um framleiðslugjald ÍSALs.

— Að ræða möguleika á stækkun verksmiðjunnar.

— Að ræða önnur þau atriði sem máli skipta varðandi framtíðarsamvinnu Íslendinga og Alusuisse, þ. á m. framleiðslu rafskauta.

Viðræðunefndin skal hafa fullan aðgang að öllum þeim gögnum sem þegar liggja fyrir um mál þetta. Enn fremur er nefndinni heimilt að leita samstarfs við hvern þann aðila sem hefur sérþekkingu á málum er varða störf hennar. Opinberum aðilum er skylt að veita nefndinni hverjar þær upplýsingar sem hún óskar. Kostnaður af starfi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Árið 1975 var gerður samningur við Alusuisse um endurskoðun á samningunum um álverið í Straumsvík frá árinu 1966. Sú endurskoðun leiddi til þess, að samið var um verulega

hækkun á rafmagnsverði, auk þess sem breytt var reglum um framleiðslugjaldið sem ÍSAL greiðir í stað venjulegra skatta hérlendis. Hækkun rafmagnsverðsins var rökstudd með því, að orkuverð í heiminum hefði hækkað verulega frá því samningurinn var upphaflega gerður. Með endurskoðun samningsins frá 1975 var brautin rudd fyrir því, að slík endurskoðun gæti farið fram við svipaðar aðstæður.

Þegar á árinu 1979 var ljóst að forsendur samningsins frá 1975 höfðu breyst verulega þar sem orkuverð í heiminum hefði enn stórhækkað. Af hálfu núverandi iðnaðarráðherra var hins vegar látið hjá líða að hefja slíka endurskoðun samninganna. Jafnframt er ljóst að samningsákvæði um endurskoðun á ársreikningum ÍSALs voru ekki nýtt allt frá árinu 1975 þar til árið 1981 að ráðherra birti að hluta niðurstöður endurskoðunar fyrir árið 1980.

Þegar í desember 1980 bauð Sjálfstæðisflokkurinn fram samstarf við iðnaðarráðherra um athugun á viðskiptum Alusuisse og Íslendinga. Því boði var í engu sinni. Þegar birtar höfðu verið niðurstöður endurskoðunarskýrslu Coopers and Lybrand um „súrálmálið“ í júlí 1981 gerði þingflokkur sjálfstæðismanna ítarlega samþykkt um málið. Aðalatriði þeirrar samþykktar voru þau, að það sé krafa þingflokksins, að samningar séu haldnir í hvívetna, að þingflokkurinn gagnrýni iðnaðarráðherra vegna málsmeðferðar og að þingflokkurinn leggi áherslu á að samstaða náist um aðgerðir sem nauðsynlegar kunni að reynast. Minnt var á áður nefnt boð um samvinnu frá því í desember 1980 sem ekki var tekið. Í ályktuninni taldi þingflokkurinn að fyrsta skrefið væri að ljúka alhliða athugun málsins og síðan að taka upp viðræður við Alusuisse, m. a. um hækkun raforkuverðs og skattgreiðslur fyrirtækisins. Sjá nánar ályktunina sem birt er sem fylgiskjal með greinargerð þessari.

Það var fyrst 31. júlí 1981 sem iðnaðarráðherra skipaði „nefnd til þess að eiga viðræður við Alusuisse um skoðanaágreining fyrirtækisins og ríkisstjórnarinnar vegna samninga aðilanna um álbræðslu í Straumsvík og endurskoðun á þeim samningum.

Það var fyrst um miðjan september sem fulltrúa þingflokks Sjálfstæðisflokksins barst skipunarbréf í nefndina. Í nefndina voru tilnefndir fulltrúar frá iðnaðarráðherra, frá aðilum að ríkisstjórn og frá stjórnarandstöðuflokkunum. Þrátt fyrir skipun þessarar viðræðunefndar fer því fjarri, að eðlileg og nauðsynleg samráð hafi verið höfð við stjórnarandstöðu í máli þessu. Viðræðunefndin hefur aðeins haldið tvo beina viðræðufundi við Alusuisse og engar líkur á að framhald verði á þeim viðræðum. Fundir ráðherra við fulltrúa Alusuisse hafa og reynst árangurslausir.

5. maí 1982 ritaði Sjálfstæðisflokkurinn iðnaðarráðherra bréf þar sem málsmeðferð var harðlega gagnrýnd. Bréf þetta var ekki birt þá þar sem fyrir dyrum stóðu samningaviðræður við Alusuisse. Bréf þetta er hins vegar nú birt sem fylgiskjal með greinargerð þessari. Niðurlag bréfsins var svohljóðandi:

„ . . . Af þessu tilefni vill Sjálfstæðisflokkurinn láta í ljós mikla óánægju yfir að ekki hefur af heilindum verið efnt til þess samstarfs við stjórnarandstöðuna sem nauðsynlegt verður að teljast í svo mikilvægu máli. Forsenda þess, að hægt sé að ná þjóðarsamstöðu í slíku máli, er full samráð og samvinna stjórnar og stjórnarandstöðu um alla stefnumótun og um undirbúning og þátttöku í öllum viðræðufundum.

Sjálfstæðisflokkurinn minnir á að hann tilnefndi fulltrúa sinn í viðræðunefnd fyrst og fremst til að eiga viðræður við Alusuisse vegna skoðanaágreinings um túlkun samninga og til að fá úr því skorið, hvort Alusuisse hafi brotið samninga eins og iðnaðarráðherra hefur borið fyrirtækinu á brún. Að þessu verkefni hefur síður en svo verið unnið sem skyldi. Um önnur atriði, eins og t. d. endurskoðun raforkuverðs, breytta eignaraðild og stækkun álvers, er nauðsynlegt og eðlilegt að stefnan sé mörkuð í samstarfi við alla þingflokka og sérstök nefnd sé skipuð til að annast þær viðræður. Sjálfstæðisflokkurinn er að sjálfsögðu reiðubúinn fyrir sitt leyti að taka þátt í slíku samstarfi. Núverandi starfshættir eru hins vegar óþolandi, þar sem iðnaðarráðherra hefur ekki staðið við fyrirheit um samstarf við stjórnarandstöðuna eða sinni boði Sjálfstæðisflokksins um samvinnu í þessu efni, eins og að framan hefur verið rakið.“

Frá því bréf þetta var ritað hefur málsmeðferð í engu breyst. Árangur hefur og enginn orðið af starfi ráðherra eða viðræðunefndar í máli þessu.

Ástæða er til að gagnrýna harðlega iðnaðarráðherra fyrir meðferð á þessu máli. Í því sambandi má benda á:

— Þrátt fyrir skýlaus ákvæði í samningum Íslendinga og Alusuisse um fullan rétt okkar til endurskoðunar á reikningum ÍSALs lét ráðherra undir höfuð leggjast að láta endurskoða fyrr en reikninga ársins 1980.

— Iðnaðarráðherra kaus þá málsmeðferð að hefja á opinberum vettvangi stórfelldar ásakanir um sviksamlegt athæfi Alusuisse þegar í desember 1980. Ráðherra hefur síðan neyðst til að draga í land, en heldur þó uppteknum hætti á opinberum vettvangi. Þessi klaufalega samningaaðferð iðnaðarráðherra hefur tafið alla samninga og spillt fyrir möguleikum okkar að fá fram úrslit í þeim málum, sem okkur eru mikilvægust, einkum hækkað raforkuverð. Virðist reyndar sem ráðherra hafi alveg gefist upp við að ná fram samningum um hækkað raforkuverð.

— Á árinu 1980 var mjög gott tækifæri til að ná fram hækkun rafmagnsverðs. Bæði hafði orkuverð í heiminum hækkað mjög og verð á áli var mjög gott eða allt að 2000 Bandaríkjadollarar á tonn og bjartsýni ríkjandi um framtíðarþróun álmarkaðarins. Þetta góða tækifæri hefur ráðherra látið sér úr greipum ganga, en álverð hefur nú lækkað niður fyrir 1000 Bandaríkjadollara á tonn. Líkurnar fyrir góðum árangri eru því minni en áður. Þrátt fyrir það er nauðsynlegt að halda áfram af meiri alvöru en gert hefur verið að ná fram verulegri hækkun rafmagnsverðs.

Öllum Íslendingum ætti nú að vera ljóst að núverandi iðnaðarráðherra hefur enga getu til að ráða fram úr þessu mikilvæga hagsmunamáli. Þess vegna er það brýnt, að Alþingi taki í taumana og veiti forustu í þeim viðræðum sem nú hafa farið út um þúfur við Alusuisse. Þess vegna er þessi þingsályktunartillaga flutt.

Fylgiskjöl með greinargerðinni:

- I. Ályktun þingflokks Sjálfstæðisflokksins frá 20. júlí 1981.
- II. Bréf Sjálfstæðisflokksins til iðnaðarráðherra, dags. 5. maí 1982.

Fylgiskjal I.

Ályktun þingflokks sjálfstæðismanna um súrál málið 20. júlí 1981.

„Þingflokkur sjálfstæðismanna telur að samningar Íslendinga og Alusuisse um álverið í Straumsvík tryggi rétt okkar, og það er krafa þingflokksins, að þeir séu haldnir í hvívetna. Þarf því að ganga úr skugga um það, hvort svo hafi verið eða ekki, með alhliða athugun á þeim þáttum í rekstri ÍSALs, sem varða íslenska hagsmuni.

Í desember sl. setti iðnaðarráðherra opinberlega fram ásakanir á hendur Alusuisse um að fyrirtækið hefði með sviksamlegum hætti haft fé af Íslendingum með því að verðleggja súrál til Íslenska álfélagsins of hátt sem næmi 47,5 milljónum dollara á tímabilinu 1. janúar 1974 til 30. júní 1980. Samtímis var breska endurskoðunarfyrirtækinu Coopers & Lybrand falin athugun málsins. Verulegur dráttur hefur orðið á verki þessu, því að niðurstöður endurskoðunarfyrirtækisins komu ekki fyrr en í þessum mánuði. Kemur þá í ljós að samkvæmt fyrirmælum iðnaðarráðherra hefur rannsóknin einungis beinst að takmörkuðum

þætti í rekstri ÍSALs, þar sem eru innkaup á súráli, en ekki fjallað um aðra þætti sem varða íslenska hagsmuni.

Í skýrslu Coopers & Lybrand kemur fram að svokölluð „hækkun í hafi“, sem ráðherra lagði mest upp úr í desember sl., sé alls ekki hinn raunverulegi prófsteinn á það, hvort staðið hafi verið við samninga, heldur beri að líta til þess, hvort verð á súráli til ÍSALs sé sambærilegt við verðlag í viðskiptum milli óskyldra aðila, og kunni mismunurinn að nema 16 milljónum dollara á tímabilinu 1. janúar 1975 til 30. júní 1980, en á það bent, að atriði til mótvægis geti komið þar til greina. Hins vegar er hvorki að finna í skýrslunni hvaða áhrif þetta umframverð kunni að hafa haft á skattgreiðslu ÍSALs á þessu tímabili né hver niðurstaða yrði ef lítið væri til annarra atriða sem varða íslenska hagsmuni, enda var endurskoðendum ekki veitt umboð til slíkrar athugunar. Almennigur fær takmarkaða vitneskju um málið þar sem iðnaðarráðherra liggur á upplýsingum og skýlir sér bak við kröfu Alusuisse um leynd.

Þingflokkurinn gagnrýnir þá málsmeðferð iðnaðarráðherra að hlaupa með svo mikilvægt mál í fjölmiðla áður en nægileg athugun hefur farið fram, síðan að takmarka rannsókn málsins svo sem raun ber vitni og loks að haga upplýsingamiðlun að eigin geðþóttu. Ber þetta allt frekar vott um áróðursherferð gegn stóriðju heldur en eðlilega gæslu íslenskra hagsmuna. Auk þess er upplýst að iðnaðarráðherra hefur ekki hagnýtt samningsbundinn rétt Íslendinga til heildarendurskoðunar á reikningum ÍSALs fyrr en á þessu ári. Þessi vinnubrögð öll eru til þess fallin að veikja samningsaðstöðu okkar í málinu.

Þingflokkur sjálfstæðismanna leggur áherslu á að samstaða náist um þær aðgerðir sem nauðsynlegar kunna að reynast. Þess vegna bauð flokkurinn ríkisstjórninni samvinnu í máli þessu strax í desember sl. Þessu boði var í engu sinnt fyrr en nú, er ríkisstjórnin falast eftir samstöðu við stjórnarandstöðuna.

Þingflokkur sjálfstæðismanna telur uppbyggingu orkufreks iðnaðar til hagnýtingar orkulinda landsins eitt mikilvægasta framfaramál þjóðarinnar og minnir í því sambandi á tillögur flokksins á Alþingi. Flokkurinn er fús til samstarfs um málefni álversins í Straumsvík, enda verði ríkisstjórnin reiðubúin til samvinnu á þeim grundvelli sem nauðsynlegur er.

Þingflokkurinn telur að fyrsta skrefið sé að ljúka alhliða athugun málsins, þannig að í ljós komi hvort Íslendingar hafi orðið fyrir tjóni á skattgreiðslum eða með öðrum hætti. Vegna breyttra aðstæðna frá því að endurskoðun álsamningsins fór fram árið 1975 verði síðan teknar upp viðræður við Alusuisse, m. a. um hækkun raforkuverðs og skattgreiðslu fyrirtækisins. Jafnframt fari fram athugun á aðgerðum til þess að bæta rekstursafkomu álversins, þar á meðal stækkun þess, svo og eignaraðild. Jafnhliða verði teknar upp viðræður við aðra aðila um samstarf og þátttöku í áliðnaði og öðrum orkufrekum iðnaði hér á landi.

Til að vinna að framangreindum verkefnum telur þingflokkurinn nauðsynlegt að sett verði á stofn fagleg nefnd með aðild allra þingflokka undir forustu sem þeir geta sætt sig við.“

Fylgiskjal II.

Sjálfstæðisflokkurinn

Reykjavík, 5. maí 1982.

Iðnaðarráðherra
Hjörleifur Guttormsson
Reykjavík.

Þann 31. júlí sl. skipaði iðnaðarráðuneytið „nefnd til þess að eiga viðræður við Alusuisse um skoðanaágreining fyrirtækisins og ríkisstjórnarinnar vegna samninga aðilanna um álbræðslu í Straumsvík og endurskoðun á þeim samningum.“ Í nefndina voru skipaðir fulltrúar tilnefndir af iðnaðarráðherra, ríkisstjórn og stjórnarandstöðuflokkunum.

Áður, eða 21. júlí 1981, hafði þingflokkur sjálfstæðismanna samþykkt ítarlega ályktun um ágreininginn við Alusuisse, þar sem fram kom m. a. að þingflokkur sjálfstæðismanna legði áherslu á að samstaða næðist um þær aðgerðir sem nauðsynlegar kynnu að reynast. Þess vegna hefði flokkurinn boðið ríkisstjórninni samvinnu í máli þessu strax í desember 1980, en því boði hefði í engu verið sinnt fyrr en ríkisstjórnin falaðist eftir samstöðu við stjórnarandstöðuna í júlí 1981.

Í þeirri ályktun lýsti flokkurinn sig fúsan „til samstarfs um málefni álversins í Straumsvík, enda verði ríkisstjórnin reiðubúin til samvinnu á þeim grundvelli sem nauðsynlegur er.“

Þrátt fyrir þetta tilboð Sjálfstæðisflokksins um samstarf og þrátt fyrir skipun viðræðunefndar með aðild stjórnar og stjórnarandstöðu fer því fjarri, að eðlileg og nauðsynleg samráð hafi verið höfð við Sjálfstæðisflokkinn í máli þessu. Viðræðunefndin hefur aðeins haldið tvo beina viðræðufundi við Alusuisse, og ekkert liggur fyrir um það að svo stöddu, hvort um framhald verði að ræða á slíkum fundum eða hvenær.

Þá hefur viðræðunefndin ekki átt aðild að þeirri stefnumörkun, sem væntanlega hefur verið unnið að til undirbúnings þeim fundum sem ráðherrar hafa átt við fulltrúa Alusuisse síðan í febrúar sl.

Nú er t. d. fyrirhugaður viðræðufundur við fulltrúa Alusuisse í Reykjavík í dag. Boðað hefur verið að iðnaðarráðherra muni mæta á þeim fundi ásamt aðstoðarmönnum. Ofangreind viðræðunefnd hefur ekki verið kölluð til í sambandi við stefnumörkun varðandi þann fund. Jafnframt er ljóst að iðnaðarráðuneytið hefur getað hagað því eftir geðþótta sínum, hvaða verkefni nefndin hefur fengið.

Af þessu tilefni vill Sjálfstæðisflokkurinn láta í ljós mikla óánægju yfir að ekki hefur af heilindum verið efnt til þess samstarfs við stjórnarandstöðuna sem nauðsynlegt verður að teljast í svo mikilvægu máli. Forsenda þess, að hægt sé að ná þjóðarsamstöðu í slíku máli, er full samráð og samvinna stjórnar og stjórnarandstöðu um alla stefnumótun og um undirbúning og þátttöku í öllum viðræðufundum.

Sjálfstæðisflokkurinn minnir á að hann tilnefndi fulltrúa sinn í viðræðunefnd fyrst og fremst til að eiga viðræður við Alusuisse vegna skoðanaágreinings um túlkun samninga og til að fá úr því skorið, hvort Alusuisse hafi brotið samninga eins og iðnaðarráðherra hefur borið fyrirtækinu á brýn. Að þessu verkefni hefur síður en svo verið unnið sem skyldi. Um önnur atriði, eins og t. d. endurskoðun raforkuverðs, breytta eignaraðild og stækkun álvers, er nauðsynlegt og eðlilegt að stefnan sé mörkuð í samstarfi við alla þingflokka og sérstök nefnd sé skipuð til að annast þær viðræður. Sjálfstæðisflokkurinn er að sjálfsögðu reiðubúinn fyrir sitt leyti að taka þátt í slíku samstarfi. Núverandi starfshættir eru hins vegar óþolandi, þar sem iðnaðarráðherra hefur ekki staðið við fyrirheit um samstarf við stjórnarandstöðuna eða sinnt boði Sjálfstæðisflokksins um samvinnu í þessu efni, eins og að framan hefur verið rakið.

Geir Hallgrímsson.

Ólafur G. Einarsson.

Samrit sent ríkisstjórninni.